

# BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík



Sími: 514 4045 [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is), [www.badminton.is](http://www.badminton.is)

## Mótafyrirkomulag Fullorðins – og unglíngamót

Hugmyndir að mótafyrirkomulagi sem félögin geta nýtt sér til að hafa mótin fjölbreytt. Bæði á unglíngamótum og fullorðinsmótum.

1. Riðlar (hámark 4 í riðli) þar sem 2 fara upp úr riðlinum > gerir það að verkum að allir leikir skipta máli í riðlinum og úrslit ekki ráðin eftir fyrsta leik.
2. Einliðaleikur spilaður í riðlum en tvíliða- og tvenndarleikur í hreinum útslætti.
3. Einliðaleikur í hreinum útslætti en tvíliða- og tvenndarleikur í riðlum
4. Allar greinar spilaðar í riðlum
5. Hreinn útsláttur í öllum greinum. Líkt og Iceland Int. og Meistaramót Íslands.
6. Hraðmót – þar sem er t.d bara spilað í einliðaleik og hver aldurshópur kemur í 2-3 klst og er svo búinn.
7. Spila einliðaleiki á laugardegi en tvíliða- og tvenndarleiki á sunnudegi.
8. Mót þar sem er spilað best af 5 lotum upp í 11 stig. Þar sem þarf að vinna 3 lotur til að sigra leikinn.

Punktur til að hafa í huga

- Í U11 ára – notast við fyrirkomulagi sem var haft á Bikarmóti BH árið 2018. Mótsstjórn (með aðstoð þjálfara félaganna) raði mótinu niður í riðla eftir styrkleika. Í efsta riðil færu þá t.d 4-6 bestu spilararnir og svo koll af kalli. Með þessu fyrirkomulagi fá allir leikmenn leiki við hæfi og verður mótið því skemmtilegra fyrir alla auk þess sem bætingin á milli móta verður líklega meira (fleiri jafnir leikir). Veitt séu verðlaun fyrir sigur í hverjum riðli og síðan fái allir leikmenn þátttökuverðlaun. (skemmtilegra að gefa eitthvað annað en verðlaunapeninga sem þátttökuverðlaun – t.d brúsa, badmíntongrip, bakpoka og fleira í þeim dúr).
- Ef hægt er að koma því við að keppendur séu ekki allan daginn í húsinu að keppa þá er það tilvalið. Hægt er stundum að byrja á einum flokki, t.d U13 ef spilað er í riðlum og spilað alla leikina í riðlunum. Svo getur U15 byrjað á sínum leikjum í riðli á meðan U13 byrjar í útslætti. Ef fyrirsjáanlegt er að margir leikir þurfi að fara fram í ákveðnum aldursflokki þá er ekki til þess mælst að reyna að klára allan flokkinn á einum degi. Dæmi hafi verið að bestu leikmennirnir sem oft fara í úrslit í öllum greinum hafi þurft að spila 12-13 leiki á einum degi sem er alltof mikið.
- Ef unglíngamót eru stór þá getur það komið sér vel að hafa fyrst þá reglu að sá sem vinnur leikinn setjist í teljarastólinn. Þegar liðið er á mótið gæti svo verið hægt að skipta yfir að sá

sem tapar leiknum þarf að telja næsta leik. Oft er auðveldara að fá sigurvegarann í teljarastólinn heldur en þann sem tapaði. Jafnframt eru meiri líkur á því að sá sem telur leikinn (eftir að hafa unnið sinn leik) sé meira að fylgjast með heldur en sá sem tapaði og þarf að setjast í dómastólinn.